



Umhverfis- og skipulagssvið

Heklureitur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. maí 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 25. maí 2022 á breytingu á deiliskipulagi fyrir Heklureit, lóðanna við Laugaveg 168-174a, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja uppbyggingu á afar mikilvægum stað í borginni. Bílaumboðið Hekla mun flytja starfsemi sína af Laugavegi og víkja fyrir uppbyggingu íbúða og þjónustu. Í skipulaginu er hugað vel að göngu- og hjólatengingum en einnig almenningsamgöngum með sérstöku borgarlinutorgi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Áhyggjur eru af skuggavarpri í inngörðum á Heklureit. Því er velt upp hvort birtan muni ekki uppfylla skilyrði nýsamþykks aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Gerðar hafa verið athugasemdir í auglýsingaferlinu um þetta vandamál. Þessu máli hefði átt að fresta þar sem meirihlutinn hefur takmörkuð völd nú á lokametrunum. Málið er stórt og því skynsamlegt að láta nýja borgarstjórn um framhaldið.

Helga Björk Laxdal
e.u.